

A

aðdáendaspuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] saga skrifuð af aðdáenda um persónur úr bókmenntum, kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum
[**enska**] fanfiction

alm. spuni *(í vinnslu)*

[**sh.**] almennur spuni
[**skilgr.**] sögukóði sem táknar að aðdáendaspuninn innihaldi ekki kynferðislegt eða rómantískt samband persóna
[**skýr.**] Í almennum spuna er oft notað "&" á milli nafna persónanna sem koma við sögu, í stað "/" (skástriks) til þess að gefa í skyn að sambandið er eingöngu platónskt, en ekki rómantískt.
[**enska**] gen
[**sh.**] general fiction

angist *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] sögukóði sem táknar að persónur upplifa mikla líkamlega, eða oftast andlega þjáningu, svo sem ótta, kvíða eða sorg
[**enska**] angst

anime sértækt *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] tegund sögukóða sem aðeins eru notaðir fyrir aðdáendaspuna sem byggðir eru á japönskum teiknimyndapáttum og teiknuðum kvikmyndum
[**aths.**] Anime er japanska orðið yfir "animation" en orðið er komið í almenna notkun í ensku, og hjá íslenskum aðdáendum japanskrar poppmenningar, yfir japanska teiknimyndapætti svo sem Naruto, Bleach og Death Note, og kvikmyndir frá Stúdíó Ghibli, og ætti því ekki að reyna að þýða það.
[**enska**] anime specific

annars heims *(í vinnslu)*

[**sh.**] annars raunveruleika
[**skilgr.**] sögukóði sem táknar að meiriháttar breytingar hafi verið gerðar á staðsetningu eða söguþræði frumtextans, eða sögupersónur hafa verið færðar úr heimi frumtextans yfir í raunveruleikann
[**enska**] alternate universe
[**sh.**] alternate reality

E

einsskotsspuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] **aðdáendaspuni** skrifaður sem einstæð saga, er hægt að skilja án þess að lesa einhverjar aðrar sögur. Sett á spunavefsíður fullskrifaður, í heilu lagi, geta verið af hvaða lengd sem er

[**enska**] oneshot

F

FHF *(í vinnslu)*

[**sh.**] flétta, hvaða flétta
[**skilgr.**] **sögukóði** sem táknar að það fari lítið fyrir söguþræði í **aðdáendaspunanum** þar sem megináherslan er á kynferðislega þáttinn

[**enska**] PWP

[**sh.**] plot, what plot, porn, without plot

fleirkant *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] **sögukóði** sem táknar ástar- og/eða kynferðislegt samband fleiri en þriggja persóna í einu

[**enska**] moresome

G

gægjari *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] meðlimur aðdáendaspunasamfélagsins sem notar spunasafnavefsíður en hefur engin samskipti við aðra í samfélaginu

[**enska**] lurker

gægjuþörf *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] sögukóði sem táknar að **aðdáendaspuninn** innihaldi persónu sem fær kynferðislega örvun af því að njósna um eða horfa á aðrar persónur stunda kynlíf

[**enska**] voy

[**sh.**] voyeursim

gardínuspuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] **aðdáendaspuni** þar sem sögupersónur framkvæma hversdagslega hluti, t.d. versla gardínur eða elda mat saman

[**enska**] curtainfic

H

háðspuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] **aðdáendaspuni** skrifaður á sem ýktastan hátt, yfidrifinn söguþráður, fáránlega yfirdrifinn hasar og atburðir, án allra útskýringa

[**enska**] crackfic

K

kólétt *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] sögukóði sem táknar að karlkyns sögupersóna verður ólétt og gengur með barn

[**aths.**] Orðið kólétt er samsett úr orðunum karl og ólétt(ur), líkt og enska orðið mpreg er samsett úr orðunum male og pregnancy.

[**enska**] mpreg

[**sh.**] male pregnancy

kynvís spuni *(í vinnslu)*

[**sh.**] KK/KVK

[**skilgr.**] sögukóði sem táknar gagnkynhneigt samband karls og konu

[**enska**] het

[**sh.**] heterosexual fiction, M/F

L

lagaspuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] aðdáendaspuni innblásinn af sönglagatextum, notar oft merkingu lagatextans eða brot úr honum til þess að skreyta og/eða bæta spunann

[**enska**] songfic

lesbískur spuni *(í vinnslu)*

[**sh.**] KVK/KVK

[**skilgr.**] sögukóði sem táknar samkynhneigt samband tveggja kvenpersóna

[**enska**] femmeslash

[**sh.**] F/F

límóna *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] anime_sértækur sögukóði sem táknar að aðdáendaspuninn innihaldi ekkert kynlíf fyrir utan kossa og snertingu utan yfir fötin

[**enska**] lime

M

Mæja Sól *(í vinnslu)*

[**sh.**] Garðar Steinn, Matti Steinn

[**skilgr.**] tegund SI þar sem frumsamda persónan er ofurfullkomnuð ímynd höfundar

[**skýr.**] Frumsamda persónan er fullkomnasta, fallegasta, gáfaðasta, og besta persónan í **aðdáendaspunanum**, ósigrandi, gallalaus og mótuð af ofurdramatískri fortíð sem gerir hana að skilningsríkustu, og tilfinninganæmustu persónu spunans.

Karlkyns útgáfur af þessari tegund persóna ganga undir nöfnunum Matti Steinn (Marty Stu) og Garðar Steinn (Gary Stu).

[**aths.**] Þessar persónur eru verulega óvinsælar og fyrirlitnar í aðdáendaspunasamfélaginu. Oftast eru það ungir og óreyndir höfundar sem skrifa persónur af þessu tagi. Þessar þýðingar eru einungis tillögur að þýðingum, þar sem erfitt er að þýða nöfn.

[**enska**] Mary Sue

[**sh.**] Gary Stu, Marty Stu

manngervi *(í vinnslu)*

[**sh.**] flösdýravínir, loðboltar, flösdýr, manngerving

[**skilgr.**] **sögukóði** fyrir **aðdáendaspuna** þar sem dauðum hlutum, dýrum eða óhlutstæðum hugtökum er gefið mannlegt gervi

[**enska**] anthro

[**sh.**] anthromorphic, anthropomorphic, furries, plushophiles, plushy

MiPD *(í vinnslu)*

[**sh.**] Minni persónu dauði

[**skilgr.**] **sögukóði** sem táknar dauða aukapersónu í **aðdáendaspunanum**

[**enska**] MiCD

[**sh.**] minor character death

MPD *(í vinnslu)*

[**sh.**] meginpersónu dauði

[**skilgr.**] **sögukóði** sem táknar dauða aðalpersónu í **aðdáendaspunanum**

[**enska**] MCD

[**sh.**] main character death

myrkur spuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] **aðdáendaspuni** þar sem innihaldið, eða oftar persónurnar sjálfar eru skrifaðar á "myrkari" hátt en í frumtextanum, allt frá því að vera siðferðislega óræðin til hreinnar illsku

[**enska**] darkfic

Ö

örspuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] **aðdáendaspuni** sem telur nákvæmlega 100 orð, stundum er titillinn innifalinn í orðafjölda

[**aths.**] Þorbjörg Matthíasdóttir þýðir Drabble sem Stuttspuni, í BA ritgerð sinni(http://hdl.handle.net/1946/13809), en þar sem Drabble er styttr en Flashfiction, þá held ég að Örspuni eigi betur við á íslensku, og Flasfiction sé þá þýtt sem Stuttspuni.

[**enska**] drabble

R

Raunverulegar Persónur Spuni *(í vinnslu)*

[**sh.**] RPS

[**skilgr.**] **aðdáendaspuni** þar sem leikarar úr kvikmyndum og sjónvarpsþáttum eru viðfangsefnin. Einnig er skrifað um tónlistarmenn, íþróttamenn og sögufræga einstaklinga

[**aths.**] Á ensku er líka til skammstöfunin RPS sem stendur fyrir Real Person Slash, sem er andstekningalaust skáspuni, og fjallar um samkynhneigt samband viðfangsefnanna.

[**enska**] Real Person Fiction

[**sh.**] RPF

S

SI *(í vinnslu)*

[**sh.**] sjálfs innsetning

[**skilgr.**] **sögukóði** sem táknar að **aðdáendaspuninn** inniheldur frumsamda persónu sem viljandi táknar höfund spunans og er partur af söguþræðinum með persónum frumtextans

[**enska**] SI

[**sh.**] self insertion

sítróna *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] anime_sértækur **sögukóði** sem táknar að **aðdáendaspuninn** inniheldur djarfar kynlífsсенur

[**enska**] lemon

skáldsöguspuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] langur **aðdáendaspuni**, að minnsta kosti 10.000 - 30.000 orð eða lengri

[**enska**] novel

[**sh.**] novella

skáspuni *(í vinnslu)*

[**sh.**] KK/KK

[**skilgr.**] **sögukóði** sem táknar samkynhneigt samband tveggja karlkyns persóna

[**skýr.**] Enska heitið "slash" eða "slash fiction" dregur heiti sitt af skástrikinu "/" (e. slash) sem sett er á milli nafna persónanna sem koma við sögu (t.d. Kirk/Spock).

Íslenska heitið spilar inná enska heitið, og dregur nafnið af "skástrikinu", þar af leiðandi ská-spuni.

[**enska**] slash

[**sh.**] M/M, slashfiction

sögukóði *(í vinnslu)*

[**sh.**] merkimiði

[**skilgr.**] stikkorð, skammstafanir og orð sem notuð eru til þess að tilgreina hvert innihald aðdáendaspunans er

[**aths.**] Aðdáendaspuna-safnavefsíður nota sína eigin lista af kóðum, og eru reglur um notkun þeirra misjafnlega strangar eftir vefsíðum. Þó er merking flestra kóða orðin rótgróin í samfélagi aðdáendaspuna.

[**enska**] story code

[**sh.**] tag

stuttspuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] **aðdáendaspuni** sem skrifaður er á stuttum tíma, sem svar við stikkorðsáskorun á spunavefsíðum, lengri en **örspuni**

[**enska**] flashfiction

T

trekant *(í vinnslu)*

[**sh.**] KVK/KK/KK, KVK/KVK/KK

[**skilgr.**] sögukóði sem táknar ástar- og/eða kynferðislegt samband á milli þriggja aðila

[**enska**] threesome

[**sh.**] F/F/M, F/M/M

V

vondur spuni *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] **aðdáendaspuni** skrifaður sem skopstæling, inniheldur allar klisjur í greininni, lélega stafsetningu og málfræði, og lýsingar og samtöl í andstöðu við persónuna í frumtextanum

[**enska**] badfic

Y

yaoi *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] anime_sértækur **sögukóði** sem táknar samkynhneigt samband tveggja karlpersóna

[**aths.**] Eins og hin anime sértæku hugtökin er þetta hugtak komið í almenna notkun í ensku. Að öllum líkindum er það þá líka komið í almenna notkun hjá íslenskum aðdáendum aðdáendaspuna, og ætti ekki að reyna að þýða það.

[**enska**] yaoi

yfirlesari *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] manneskja sem les yfir **aðdáendaspuna** fyrir höfundinn og aðstoðar með kálfa, stafsetningu, framvindu, persónubyggingu, osfv

[**enska**] beta reader

yuri *(í vinnslu)*

[**skilgr.**] anime_sértækur **sögukóði** sem táknar samkynhneigt samband tveggja kvenpersóna

[**aths.**] Eins og hin anime sértæku hugtökin er þetta hugtak komið í almenna notkun í ensku. Að öllum líkindum er það þá líka komið í almenna notkun hjá íslenskum aðdáendum aðdáendaspuna, og ætti ekki að reyna að þýða það.

[**enska**] yuri